

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 174/2024

2024/EES/76/26

frá 5. júlí 2024

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/721 frá 27. febrúar 2024 um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/229 ⁽¹⁾.
- Ákvörðun (ESB) 2024/721 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/229 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 13cab (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/229):

„**32024 D 0721**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/721 frá 27. febrúar 2024 um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/229 (Stjtið. ESB L, 2024/721, 8.3.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2024/721, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. júlí 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/721, 8.3.2024.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 47, 20.2.2018, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.